

Nd. 114. Frumvarp til laga
um einkaleyfi til hampspuna.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Firmanu h/f Hampiðjan, Reykjavík, veitist einkaleyfi hér á landi næstu 10 ár, frá 1. janúar 1938 að telja, til þess að vélkemba og spinna hampgarn allskonar úr óunnum hampi, enda hafi það komið fullkomnum spunavélum upp fyrir 1. apríl 1938.

2. gr.

Meðan einkaleyfistíminn varir, er öllum öðrum en einkaleyfishafa óheimilt að setja upp vélar til hampgarnsspuna hér á landi, sem og að starfrækja slíkar vélar.

3. gr.

Einkaleyfi samkv. 1. gr. nær ekki til framleiðslu neinna þeirra vara, sem unnar eru úr spunnum hampþræði, svo sem fiskilína, kaðla o. s. frv. Verði ágreiningur um takmörk þeirra réttinda, er einkaleyfið veitir, sker ráðherra úr, að fengnum tillögum stjórnar Landssambands iðnaðarmanna.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—5000 króna, og fer um mál út af þeim að hætti almennra lögreglumála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

2. marz ritaði h/f Hampiðjan Alþingi svo hljóðandi bréf:

„Vér hlutafélagið Hampiðjan í Reykjavík leyfum oss hér með að beina þeim tilmælum vorum til hins háa Alþingis, að það veiti oss um 15 — fimmtán — ára skeið

einkarétt til hampiðnaðar á Íslandi, á þann hátt, sem hér er tekinn fram: Hlutafélagið flytji til landsins óunninn hamp, hverju nafni sem nefnist, til framleiðslu sinnar, og vinni hann hér að fullu í hinar ýmsu tegundir af hampvörum, einkum veiðarfæri eða garn í þau, enda hafi félagið til framleiðslu sinnar hinar beztu og fullkomnustu vélar og tæki, sem nútímatæknin hefir yfir að ráða á þessu sviði, og starfi að öðru leyti á fullkomnum samkeppnisgrundvelli, miðað við erlendan iðnrekstur í sömu grein. Það eru ennfremur eindregin tilmæli vor til hins háa Alþingis, að þetta mál verði tekið til athugunar og væntanlegrar afgreiðslu í þá átt, sem hér er farið fram á, hið fyrsta. Mun þá nauðsynlegur undirbúningur af vorri hálfu byrja þegar.“

Iðnaðarnefnd tók þetta mál fyrir og hefir, eftir að hafa rannsakað það nokkuð, orðið ásátt um að bera fram ofanritað frumvarp, er veitir h/f Hampiðjunni einkarétt til að spinna og kempa hamp hér á landi um næstu 10 ára skeið að telja, talið frá 1. jan. 1938, en fyrri er ekki líklegt, að hinar nýju vélar verði komnar að fullu í gang.

H/f Hampiðjan byrjaði ekki starf sitt til fulls fyrr en á árinu 1935. Snemma á því ári voru vélar verksmiðjunnar til fulls teknar til starfa. Þær eru nú til þess gerðar að spinna harðtrefja hamp (Manilla og Sisal), en úr honum er aðallega unnið botnvörpugarn. Reynslan hefir orðið sú, að botnvörpugarn h/f Hampiðjunnar hefir reynzt samkeppnisfært bæði með gæði og verð við garn framleitt í öðrum löndum. Nú vill h/f Hampiðjan vikka út svið sitt og fara líka að vinna úr mjúktrefja hampi frá Rússlandi, Ítalíu og Jugo-Slavíu. Til þess þarf hún nýja vélasamstæðu, sem kostar um 200000 kr., en þá getur hún líka unnið nægilegt garn í alla kaðla, færi, línur o. s. frv., sem útgerðin þarf, eins og nú er. En til þess að hún áráði að leggja í þetta, þá þarf hún að fá vissu fyrir því, að einhver annar fari ekki líka að vinna að hampspuna, því þá verður verkefnið ekki nægilegt, og þá krefst driftin meiri álagningar á hvert kg., svo hún geti borið sig, og þá er hætt við því, að vörurnar eða garnið verði dýrara hér en annarsstaðar. Það er þetta, sem gerir, að nefndin er sammála um að leggja til, að félagið fái um 10 ára skeið frá því, að ætla má, að það geti byrjað starfsemi, vernd fyrir því, að aðrir geti tekið upp samskonar starfsemi. Hinsvegar vill nefndin taka það skýrt fram, að hún telur, að þar sem um eins mikilsvert útgjaldamál sé að ræða fyrir sjávarútveginn og neta- og línugerð, kaðla og garngerð, þá megi þetta ekki verða til þess, að þær hækki í verði, enda er hér hvorki farið fram á tollavernd, né hömlur á innflutningi annars garns úr hampi, ef það skyldi sýna sig, að það væri eða yrði ódýrara, og eiga því þeir, sem leyfið fá, alla tilveru fyrirtækisins undir því, að þeir í framtíðinni geti selt sitt garn með sama verði og hægt er að fá það frá öðrum löndum, og að það sé þó að minnsta kosti eins gott. Þetta hefir þeim tekizt með botnvörpugarnið, og í þeirri von, að þeim takist þetta líka með aðrar tegundir af hampgarni, leggur nefndin til, að þeim veitist leyfið og Alþingi fallist á að samþykkja ofanritað lagafrumvarp.